



Afkoma fyrsta ársfjórðungs 2020

Íslandsbanki hf.



Helstu atriði í afkomu Íslandsbanka á fyrsta ársfjórðungi ársins 2020 (1F20)

- Tap af rekstri Íslandsbanka var 1,4 ma. kr. á 1F20 samanborið við 2,6 ma. kr hagnað á 1F19 og arðsemi eigin fjár var -3,0% á ársgrundvelli samanborið við 5,9% á 1F19.
- Hreinar vaxtatekjur voru 8,6 ma. kr. (1F19: 7,9 ma. kr.) sem er 8,1% hækkun milli ára og var vaxtamunur 2,8% (1F19: 2,7%).
- Hreinar póknatekjur voru 2,5 ma. kr. (1F19: 2,6 ma. kr.) sem er 5,9% lækkun milli ára.
- Virðisbreyting útlána var neikvæð um 3.490 m.kr. á tímabilinu samanborið við 907 m.kr. á 1F19.
- Stjórnunarkostnaður lækkaði um 8,4% milli ára og nam 5,7 ma. kr. (1F19: 6,2 ma. kr.).
- Kostnaðarhlutfall samstæðu á tímabilinu var 62,9% samanborið við 59,6% á sama tímabili 2019, en kostnaðarhlutfall móðurfélags var 61,5% samanborið við 58,1% á 1F19.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 2,7% á tímabilinu og voru 924 ma. kr. í lok 1F20. Ný útlán voru 57 ma. kr. á ársfjórðungnum samanborið við 51 ma. kr. á 1Q19. Endurfjármögnuð lán voru 16 ma. kr. Breytingin er að mestu tilkominn vegna veikingar íslensku krónunnar eða 20,8 ma. kr.
- Innlán frá viðskiptavinum námu 648 ma. kr. í lok 1F20 sem er 4,8% aukning frá 2019.
- Lausafjárstaða bankans er sterk, bæði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum, og umfram kröfur eftirlitsaðila sem og innri viðmið. Lausafjárhlutfall (LCR) var 177% og hlutfall stöðugrar fjármögnunar (NSFR) var 120% í öllum gjaldmiðlum fyrir samstæðuna í lok mars.
- Heildareiginfjárhlutfall bankans er sterkt og var 21,9% í lok mars samanborið við 22,4% í lok árs 2019, sem er vel umfram 17% kröfu eftirlitsaðila. Eiginfjárhlutfall þáttar 1 var 19,2% á sama tíma.
- Vogunarhlutfall var 13,5% við lok 1F20 samanborið við 14,2% við lok árs 2019, sem telst hóflegt bæði í innlendum og erlendum samanburði.
- Þrátt fyrir langtímastefnu Íslandsbanka hf. um 40–50% arðgreiðsluhlutfall var samþykkt á aðalfundi Íslandsbanka að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna ársins 2019 í ljósi óvissu af völdum fordæmalausra aðstæðna á fjármálamörkuðum. Jafnframt var samþykkt að stjórn bankans mætti kalla til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu 2020 þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára kynni að vera lögð fram.



Lykiltölur

		1F20	4F19	3F19	2F19	1F19
REKSTUR	Arðsemi eigin fjár (eftir skatta)	-3,0%	3,7%	4,7%	4,9%	5,9%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	2,8%	2,7%	2,7%	2,8%	2,7%
	Kostnaðarhlutfall ¹	62,9%	62,9%	56,3%	56,5%	59,6%
	Hagnaður (tap) eftir skatta, ISKm	(1.376)	1.659	2.086	2.120	2.589
		31.3.2020	31.12.2019	31.3.2019	30.6.2019	31.3.2019
EFNAHAGUR	Eignir samtals, ISKm	1.255.691	1.199.490	1.233.855	1.229.976	1.205.228
	Útlán til viðskiptavina, ISKm	923.850	899.632	909.175	894.446	873.530
	Áhættuvegnar eignir, ISKm	911.375	884.550	912.843	911.784	886.901
	Innlán frá viðskiptavinum, ISKm	647.795	618.313	610.281	615.869	611.303
	Útlán til viðskiptavina / innlán frá viðskiptavinum	142,6%	145,5%	149,0%	145,2%	142,9%
LAUSAFÉ	Lausafjárhlutfall (LCR)	177%	155%	174%	185%	158%
	Hlutfall stöðugrar fjármögnunar (NSFR)	120%	119%	117%	117%	115%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, ISKm	179.542	180.062	177.984	175.784	173.621
	Eiginfjárhlutfall þáttar 1	19,2%	19,9%	19,0%	18,8%	19,1%
	Eiginfjárhlutfall	21,9%	22,4%	21,4%	21,4%	20,9%
	Vogunarhlutfall	13,5%	14,2%	13,6%	13,4%	13,5%

1. Reiknað sem: (stjórnunarkostnaður + framlag í Tryggingasjóð innistæðueigenda og fjárfesta – einskiptisliðir) / (heildarrekstrartekjur – einskiptisliðir)

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

Íslandsbanki hefur með hlutverki sínu að vera hreyfiafl til góðra verka skuldbundið sig til að vinna náið með viðskiptavinum og styðja við þá í þeim áskorunum sem alheimsfaraldur veldur. Nú þegar hafa aðgerðir eins og tímabundin frestun afborgana og vaxta af lánum verið kynntar. Ríkisstjórnin hefur einnig kynnt fjölmargar aðgerðir sem vinna gegn atvinnuleysi og tímabundnum tekjumissi og munu stuðla að viðspyrnu hagkerfisins þegar faraldurinn gengur niður.

Rekstrarniðurstaða Íslandsbanka á fjórðungnum er lituð af virðisrýrnun og tapi af veltubók verðbréfa og niðurfærsla eigna í fjárfestingarþótt. Arðsemi eigin fjár er undir markmiði sem skýrist af aðstæðum í kjölfar COVID-19 faraldursins sem eiga sér enga hliðstæðu. Það er þó ánægjulegt að sjá að rekstrarkostnaður á fyrsta ársfjórðungi lækkar um 8,4% á milli ára og einnig jukust vaxtatekjur um 8,1% á milli ára. Íslandsbanki hélt áfram að styðja við viðgang efnahagslífsins á fjórðungnum þar sem ný útlán námu 57 ma. kr. Innlán jukust um 4,8% frá árslokum og eru enn sem áður meginstöð fjármögnunar bankans.

Fjárhagsstaða Íslandsbanka er sterk og eru lausafjárhlutföll í erlendum og innlendum gjaldmiðlum vel yfir innri og ytri markmiðum. Endurfjármögnunarpörf Íslandsbanka í erlendri mynt fyrir árið 2020 er lítil sem engin. Eigið fé er hátt, eða 22,3%, sem gerir bankanum kleift að styðja við viðskiptavinum sína.

Á fjórðungnum voru kynntar þrjár nýjar stafrænar lausnir sem auðvelda viðskiptavinum okkar lífið. Viðskiptavinir geta nú endurfjármagnað húsnæðislán sín með rafrænum hætti, stofnað til verðbréfavíðskipta á örfáum mínútum á vefnum og undirritað skjöl rafrænt þar sem það er heimilt.

Breyttar aðstæður í þjóðfélaginu vegna COVID-19 hafa valdið því að við höfum þurft að hugsa í lausnum gagnvart okkar viðskiptavinum. Við viljum þakka okkar viðskiptavinum fyrir að hafa aðlagast hratt að breyttum aðstæðum og sýnt þolinmæði á krefjandi tímum. Starfsfólk bankans hefur stundað vinnu sína heima og sýnt mikla aðlögunarhæfni í breyttum aðstæðum.

Sterkur efnahagur heimila og fyrirtækja sem og styrkur íslenska bankakerfisins og mikil aðlögunarhæfni íslensks efnahagslífs gerir Íslendingum kleift að komast í gegnum atburði líðandi stundar. Íslandsbanki kappkostar að veita viðskiptavinum Íslandsbanka bestu þjónustuna og með samvinnu og eldmóði höldum við áfram veginn.



Efnahagsaðgerðir stjórnvalda og viðbrögð Seðlabanka Íslands við COVID-19 faraldrinum

- Helstu aðgerðir stjórnvalda til að stemma stigu við COVID-19 faraldrinum hafa verið bann við samkomum, nú fleiri en 50 einstaklinga, háskólum og menntaskólum lokað og takmörkuð kennsla í grunn- og leikskólum. Virkri upplýsingagjöf hefur verið háttað með daglegum blaðamannafundum.
- Fjöldi tekinna sýna er mikill eða yfir 50.000. Hlutfall smitaðra sem þegar voru í sóttkví er 57%. Árangur smitrakningarteymis er yfir 95% sem þakka má teyminu og appi sem rekur saman ferðir smitaðra einstaklinga við aðra.
- Aðgerðir ríkisins gagnvart einstaklingum fela í sér laun í sóttkví, hlutaatvinnuleysisbætur, sérstakan barnabótaauka, aðgang að séreignarsparnaði og einnig aukna og útvíkkaða endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu.
- Fyrirtæki sem uppfylla ákveðin skilyrði geta fengið frestun á staðgreiðslu- og tryggingagjaldi og láanagreiðslum í allt að sex mánuði. Ríkið mun einnig ábyrgjast allt að 70% viðbótarrekstrarlána og bjóða upp á lán að 6 m. kr. með 100% ríkisábyrgð og er gert ráð fyrir að heildaráhætta ríkissjóðs verði að hámarki 35 m. kr. Ríkið um greiða laun starfsfólks á uppsagnartíma þar sem tekjumissir fyrirtækja hefur verið meiri en 75% og einfaldaðar reglur um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja hafa verið kynntar.¹
- Aðgerðir sem styðja við viðspyrnu efnahagskerfisins þegar faraldurinn telst vera í rénum fela í sér opinberar framkvæmdir sem styðja við hagvöxt til lengri tíma litið og aðgerðir til stuðnings ferðaþjónustu.
- Bankaskattur hefur verið lækkaður í 0,145% úr 0,318% sem minnkar árlegar skattgreiðslur bankans um 1,7 m. kr.
- Seðlabankinn hefur lækkað sveiflujöfnunarauka úr 2% í 0%, stýrivextir hafa verið lækkaðir úr 3% í 1,75% á árinu og bindiskylda lækkuð úr 1% í 0%. Í maí mun Seðlabankinn hefja bein kaup á skuldabréfum ríkissjóðs á eftirmarkaði fyrir allt að 150 milljarða.
- Seðlabankinn hefur jafnframt sett á stofn sérstaka tímabundna lánaþyrngreiðslu í formi veðlana þar sem hæfi veða verður tímabundið útvíkkað. Seðlabankinn hefur ítrekað að lausafjárstaða fjármálafyrirtækja sé traust en vegna óvissu sé rétt að úrræðið sé til reiðu.

Aðgerðir Íslandsbanka til að styðja við viðskiptavinum

- Íslandsbanki hefur stutt við einstaklinga með því að heimila greiðslufresti á húsnæðislánum. Til þessa hafa yfir 1.000 umsóknir verið samþykktar. Viðskiptavinir eru hvattir til að nýta sér stafrænar lausnir, ráðgjöf er í boði í gegnum síma og sérstakt símanúmer er í boði fyrir eldri borgara.
- Fyrirtæki hafa kost á tímabundinni frestun afborgana og vaxta af lánum í allt að sex mánuði. Þær taka mið af samkomulagi sem aðilar á lánamarkaði hafa gert með sér. Einnig hefur verið lögð áhersla á frumkvæðissímtöl til viðskiptavini til að hlusta á þeirra áskoranir og bjóða ráðgjöf ef við á. Úthlutun úr frumkvöðlasjóði Íslandsbanka mun fara fram fyrr en áætlað var.
- Rafrænar undirritanir hafa gert bankanum kleift að veita viðskiptavinum hraðari þjónustu og minnkað þörf á heimsóknum í útibú. Einnig hefur stuðningur við notkun á rafrænum dreifileiðum skipt sköpum.

Dyrunum lokað þótt áfram sé opið

- Útibú bankans hafa verið lokað á meðan faraldurinn hefur staðið yfir, en þjónusta veitt viðskiptavinum sem þurfa þjónustu í vegna brýnna erinda. Útibúin munu opna aftur 11.maí.
- Samfelldur rekstur hefur verið tryggður þar sem um 85% starfsfólks Íslandsbanka hefur unnið heima. Bæði er bankinn vel búinn tæknilausnum og starfsfólk með þekkingu og vilja til að nýta lausnirnar.

¹ Heimild: sjá fréttatilkynningar ríkisstjórnar frá [21.mars](#), [21.apríl](#) og [28.apríl](#).



Helstu atriði úr rekstri Íslandsbanka á fyrsta ársfjórðungi 2020 (1F20)

- Íslandsbanki undirritaði samning um sölu á 63,5% hlut bankans í Borgun hf. til Salt Pay Co Ltd. Samhliða sölu Íslandsbanka kaupir Salt Pay Co einnig eignarhlut Eignarhaldsfélagsins Borgunar slf. og fer í kjölfar kaupanna með 95,9% hlutfjár í Borgun. Viðskiptin eru gerð með fyrirvara um að Seðlabanki Íslands veiti samþykki fyrir virkum eignarhlut kaupanda. Borgun hefur verið flokkað sem aflögð starfsemi í ársfjórðungsuppgjöri og búið er að endurflokka tölur sem birtast í uppgjörinu með tilliti til þessa. Salan hefur takmörkuð áhrif á fjárhagsstöðu bankans.
- Aðalfundur Íslandsbanka var haldinn 19. mars sl. Friðrik Sophusson, fráfarandi formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar. Friðrik hefur sinnt starfi stjórnarformanns í 10 ár og eru honum þökkud góð störf fyrir bankann. Birna Einarsdóttir, bankastjóri, gerði grein fyrir reikningum félagsins fyrir árið 2019 og helstu þáttum í starfsemi bankans á árinu. Þá komu þrír nýir aðilar inn í stjórn bankans, það eru Flóki Halldórsson, Frosti Ólafsson og Guðrún Þorgeirsdóttir.
- Íslandsbanki kynnti þrjár lausnir þar sem þjónustuþættir eru nú veittir með stafrænum hætti. Viðskiptavinir geta nú sótt um endurfjármögnun húsnæðislána hvar og hvenær sem er með skjótum hætti. Í hluta tilfella er lánsloforð gefið með sjálfvirkum hætti í lok umsóknarferlisins. Með lausninni geta viðskiptavinir stillt upp láni og borið saman mánaðarlegar greiðslur áður en sótt er um. Öll endurfjármögnun húsnæðislána fer nú í gegnum þessa lausn. Viðskiptavinir geta nú einnig undirritað öll skjöl með rafrænum hætti sem straumlínulagar og flýtir mörgum ferlum. Hingað til hafa yfir 6.500 viðskiptavinir nýtt sér lausnina og sparað þannig heimsókn í útibú. Jafnframt geta viðskiptavinir nú stofnað til verðbréfaviðskipta á örfáum mínútum í algjörlega sjálfvirku ferli. Frá fyrra ári hefur orðið 69% aukning í stofnun vörslureikninga eftir að lausnin fór í loftið.
- Í mars keypti Íslandsbanki að fullu til baka skuldabréf að fjárhæð 350m sænskra króna með gjalddaga í júlí 2020. Með þessari aðgerð og fleiri á seinni hluta 2019 minnkaði bankinn endurgreiðsluáhættu sína umtalsvert og lækkaði vaxtakostnað. Endurfjármögnunarbörf Íslandsbanka í erlendri mynt fyrir árið 2020 er lítil sem engin.
- Ánægja fyrirtækja samkvæmt þjónustukönnun á fjórðungnum hefur ekki mælst meiri í rúman áratug.
- Ergo og Tesla hafa undirritað samstarfssamning þess efnis að Ergo verði samstarfsaðili Tesla á Íslandi. Samstarfið hefur farið vel af stað og er Ergo stolt af því að hafa orðið fyrir valinu hjá þessu vaxandi fyrirtæki, en starfsemi þess styður við stefnu bankans um umhverfisvernd og aðgerðir í loftlagsmálum.
- Íslandsbanki var með næst mestu veltu í verðbréfamiðlun á 1F20 sem samsvarar um 19% markaðshlutdeild.
- Fyrirtækjaraðgjöf Íslandsbanka sá um söluferli á 75% hlut Icelandair Group í Icelandair Hotels og lauk ferlinu með afhendingu hlutanna þann 3. apríl.



REKSTRARREIKNINGUR²

m.kr	1Q20	1Q19	Δ	4Q19	Δ	2019
Hreinar vaxtatekjur	8.580	7.937	643	8.291	289	32.822
Hreinar þóknatekjur	2.491	2.647	(156)	2.945	-454	10.899
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(1.738)	442	(2.180)	(840)	(898)	(820)
Hreinn gengismunur	55	(121)	176	116	(61)	139
Aðrar rekstrartekjur	19	1.141	(1.122)	920	(901)	2.125
Rekstrartekjur samtals	9.407	12.046	(2.639)	11.432	(2.025)	45.165
Laun og launatengd gjöld	(3.247)	(3.464)	217	(3.624)	377	(14.019)
Annar rekstrarkostnaður	(2.445)	(2.749)	304	(2.823)	378	(10.469)
Stjórnunarkostnaður	(5.692)	(6.213)	521	(6.447)	755	(24.488)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(228)	(312)	84	(216)	(12)	(936)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(359)	(880)	521	(814)	455	(3.528)
Rekstrargjöld samtals	(6.279)	(7.405)	1.126	(7.477)	1.198	(28.952)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu fjáreigna	3.128	4.641	(1.513)	3.955	(827)	16.213
Hrein virðisbreyting fjáreigna	(3.490)	(907)	(2.583)	(1.463)	(2.027)	(3.480)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	(362)	3.734	(4.096)	2.492	(2.854)	12.733
Tekjuskattur	(769)	(1.196)	427	(659)	(110)	(3.909)
Hagnaður (tap) af áframhaldandi starfsemi	(1.131)	2.538	(3.669)	1.833	(2.964)	8.824
Aflögð starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	(245)	51	(296)	(174)	(71)	(370)
Hagnaður (tap) tímabilsins	(1.376)	2.589	(3.965)	1.659	(3.035)	8.454

Vaxtatekjur yfir áætlun

- Heildartekjur námu 9,4 ma. kr. á 1F20 og lækkuðu um 21,9% milli ára sem skýrist aðallega af lægri þóknatekjum og umtalsverðum fjármagnsgjöldum.
- Hreinar vaxtatekjur voru 8,6 ma. kr. og jukust um 8,1% milli ára sem skýrist aðallega af útlánavexti. Vaxtamunur var 2,8% á 1F20 en 2,7% á 1F19 og skýrist breytingin af því að vaxtamunur er reiknaður út frá leiðréttum vaxtatekjum vegna Borgunar en á sömu meðalstöðu eigna.
- Hreinar þóknatekjur voru 2,5 ma. kr. samanborið við 2,6 ma. kr. á sama tímabili í fyrra sem er lækkun um 5,9% milli ára. Skýrist þetta meðal annars af minni kortaveltu, minni gjaldeyrisviðskiptum og hærri kostnaði tengdum greiðslukortum á fjórðungnum.
- Hrein fjármagnsgjöld voru 1.738 m.kr. á 1F20, samanborið við 442 m. kr. fjármunatekjur á 1F19. Helstu þættir gjaldfærslu á fyrsta ársfjórðungi voru tap á veltubók verðbréfa og niðurfærsla eigna í fjárfestingarbók.
- Aðrar rekstrartekjur námu 19 m. kr. á 1F20, samanborið við 1.141 m. kr. á 1F19 sem voru tilkomnar vegna samkomulags bankans við gamla Byr um virði útlánasafns þess síðarnefnda við yfirtöku Íslandsbanka á Byr árið 2011.

²Borgun hefur verið flokkað sem aflögð starfsemi í ársfjórðungsuppgjöri og búið er að endurflokka tölur sem birtast í uppgjörinu með tilliti til þessa. Borgun hefur verið flokkað sem aflögð starfsemi í ársfjórðungsuppgjöri.



Allir kostnaðarliðir fara lækkandi

- Stjórnunarkostnaður lækkaði um 521 m.kr. á milli tímabila sem samsvarar 8,4% lækkun. Lækkun í launakostnaði stafar af fækkunum stöðugilda á árinu 2019 og hóflegum launahækkunum. Lækkun í öðrum rekstrarkostnaði stafar af lækkun kostnaðar í flestum kostnaðarliðum.
- Fjöldi starfsfólks í móðurfélagi fyrir utan árstíðabundið starfsfólk var 746 í lok tímabilsins (2019: 749) og 980 hjá samstæðu (2019: 984). Meðtalið í fjölda starfsmanna fyrir samstæðu eru 200 starfsmenn hjá dótturfélagi sem nú er flokkað sem aflögð starfsemi.
- Kostnaðarhlutfall samstæðu var 62,9% á 1F20 samanborið við 59,6% á 1F19 en bankaskattur og einskiptisliðir eru undanskilin við útreikning kostnaðarhlutfalls. Kostnaðarhlutfall móðurfélags var 61,5% á 1F20 samanborið við 58,1% á 1F19.
- Tap af aflagðri starfsemi eftir skatta var 245 m.kr. á 1F20 samanborið við 51 m.kr. hagnað á 1F19. Tapið er að mestu leyti tilkomið vegna dótturfélags sem flokkað er sem aflögð starfsemi.

Neikvæð virðisbreyting útlána endurspeglar stöðu efnahagslífsins í kjölfar COVID-19

- Hrein virðisbreyting útlána var neikvæð um 3.490 m.kr. á 1F20 samanborið við 907 m.kr. neikvæða virðisbreytingu á 1F19. Virðisbreytingin stafar að mestu leyti af flutningi fjáreigna tengdum fyrirtækjum í ferðapjónustu á stig 2 í samræmi við IFRS 9 staðalinn, eða 2,6 ma. kr. Efnahagssviðsmyndirnar sem eru notaðar við útreikning virðisrýrnunar hafa verið uppfærðar en hafa verður í huga að það er áskorun að ákvarða hvaða efnahagssviðsmyndir ná utan um núverandi efnahagshorfur. Helstu forsendur grunnefnahagssviðsmyndar eru að hagvöxtur verði 1,9% á árinu 2020 og -5,0% árið 2021, atvinnuleysi verði 3,7% árið 2020 og 6,3% árið 2021, verðbólga verði 3,0% árið 2020 og 2,6% árið 2021 og atvinnuvegafjárfesting -17,5% árið 2020 og -22,0% árið 2021. Einnig hefur vægi sviðsmyndanna verið breytt til að endurspegla horfurnar, vigtir sviðsmyndanna er nú 20%-50%-30% (góð, grunn og slæmsviðsmynd) en var áður 25%-50%-25%. Áhrif breyttra efnahagssviðsmynda er aukning á virðisrýrnun um 0,4 ma.kr. Áhrif aukinnar virðisrýrnunar vegna nokkurra viðskiptavina á stigi 3 eru 0,3 ma. kr.³

Lægri bankaskattur lækkar heildarrekgjöld

- Tekjuskattur tímabilsins var 769 m. kr. samanborið við 1.196 m. kr. 1F19. Virkur tekjuskattur var -212,4%, samanborið við 32,1% 1F19. Þetta stafar af ófrádráttarbærum kostnaði eins og tapi af hlutabréfum. Bankaskatturinn nam 359 m. kr. á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 880 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2019. Bankinn greiðir 6% í sérstakan fjársýsluskatt á hagnað umfram 1 ma. kr. ásamt því að greiða framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, til Seðlabankans, til Umboðsmanns skuldara, fjársýsluskatt og tryggingagjald vegna starfsfólks. Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta á 1F20 var 228 m.kr. sem er lækkun um 84 m.kr. frá fyrra ári. Heildarskattar og gjöld voru 1,9 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2020 samanborið við 2,9 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2019.

Lækkun á hagnaði markast af neikvæðri virðisbreytingu útlána en undirliggjandi rekstur er sterkur

- Tap eftir skatta var 1,4 ma. kr. (1F19: Hagnaður 2,6 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár á árinu var -3,0% á ársgrundvelli (1F19: 5,9%). Hagnaður dróst saman um 4,0 ma. kr. milli ára sem skýrist af aukinni virðisrýrnun útlána og umtalsverðum fjármagnsgjöldum.

³ Sjá einnig skýringu 2 í árshlutareikningi



EFNAHAGSREIKNINGUR

Vöxtur útlána markast af gengisbreytingum

EGNIR, m.kr.	31.3.2020	31.12.2019	Δ
Handbært fé og innstæður hjá SÍ	123.062	146.638	(23.576)
Útlán til lánastofnana	84.263	54.376	29.887
Skuldabréf og skuldagerningar	69.368	52.870	16.498
Afleiðusamningar	4.772	5.621	(849)
Útlán til viðskiptavina	923.850	899.632	24.218
Hlutabréf og eiginfjárgæðingar	12.496	18.426	(5.930)
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	712	746	(34)
Rekstrarfjármunir	8.015	9.168	(1.153)
Ófnislegar eignir	3.736	4.330	(594)
Aðrar eignir	5.154	6.608	(1.454)
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	20.263	1.075	19.188
Eignir	1.255.691	1.199.490	56.201

- Heildareignir jukust um 4,7% á fyrsta ársfjórðungi 2020 í 1.256 ma. kr. Útlán til viðskiptavina jukust um 2,7% eða um 24,2 ma. kr. Breytingin er að mestu tilkomin vegna veikingar íslensku krónunnar eða 20,8 ma. kr. Ný útlán voru 57 ma. kr. á tímabilinu samanborið við 51 ma. kr. á sama tíma í fyrra sem er 11,8% hækkun. Húsnæðislán jukust um 4,2 ma. kr. frá árslokum 2019. Útlán til ferðaþjónustu eru nú 10% af vel dreifðu heildarlánasafni.
- Hlutfall útlána viðskiptavina á móti innlánnum til viðskiptavina lækkaði í 142,6% í lok árs samanborið við 145,5% í lok árs 2019, hluti útlána sem fjármagnaður er með innlánnum jókst því á fjórðungnum.
- Veð útlána eru almennt traust þar sem íbúða- og atvinnuhúsnæði eru ennþá mikilvægustu tegundir trygginga bankans og skip fylgja þar á eftir. Vegið meðaltal veðsetningarhlutfalls (LTV) húsnæðislánasafns bankans var 62% í lok mars 2020 sem er sambærilegt við lok árs 2019.
- Hlutabréf og eiginfjárgæðingar lækka þar sem dótturfélag sem flokkað er sem aflögð starfsemi er flutt undir fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi og vegna lokunar á afleiðusamningum á móti hlutabréfum.
- Veðsetningarhlutfall bankans var 18,2% í lok mars samanborið við 18,1% í lok árs 2019.
- Þrír liðir, handbært fé og innstæður hjá SÍ, skuldabréf og skuldagerningar og útlán til lánastofnana nema samtals u.þ.b. 277 ma. kr. og af því eru 253 ma. kr. laust fé.
- Heildareignir Borgunar sem hluti af fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi voru 19,2 ma.kr. í lok tímabilsins.

Eignasafn bankans sterkt í alþjóðlegum samanburði

- Í lok mars 2020 var hlutfall lána með laskað lánshæfi 2,3% hjá Íslandsbanka (2019: 2,4%) miðað við 2,7% vegið meðaltal hjá evrópskum bönkum miðað við lok árs 2019. Ef miðað er við gæði lánasafns einungis vegna útlána til viðskiptavina, var vanskilahlutfall 2,8% í lok mars miðað við vergt bókfært virði lána (2019: 3,0%).



Skuldir – sterk eiginfjár- og lausafjárhlutföll og lágt vogunarhlutfall

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ, m.kr.	31.3.2020	31.12.2019	Δ
Innlán SÍ og lánastofnana	33.773	30.925	2.848
Innlán viðskiptavina	647.795	618.313	29.482
Afleiðusamningar og skortstöður	12.045	6.219	5.826
Lántaka	322.280	306.381	15.899
Víkjandi lán	24.456	22.674	1.782
Skattskuldir	8.155	7.853	302
Aðrar skuldir	14.392	27.063	(12.671)
Skuldir vegna fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi	13.253	-	13.253
Skuldir	1.076.149	1.019.428	56.721
Eigið fé	179.542	180.062	(520)
Skuldir og eigið fé	1.255.691	1.199.490	56.201


- Heildarskuldir námu 1.076 ma. kr. sem er 5,6% hækkun frá áramótum. Bankinn viðhélt sterkri lausafjárstöðu og voru lausafjárhlutföll vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.
- Innlán frá viðskiptavinum jukust um 4,8% á árinu í 648 ma. kr, sem er meira en vöxtur útlána á tímabilinu. Stærsti hluti aukningarinnar kom frá fyrirtækjum. Innlán eru áfram stærsti fjármögnunarliður bankans og er vel fylgst með samþjöppunaráhættu.
- Íslandsbanki hélt tvö útboð á sértryggðum skuldabréfum, í janúar og mars, þar sem útgáfa sértryggðra skuldabréfa nam 6 ma. kr. í þremur flokkum. Útgáfa er því í takti við útgáfuáætlun sem hljóðar uppá útgáfu 20–25 ma.kr sértryggðra bréfa á árinu. Útgáfur sértryggðra skuldabréfa fjármagna húsnæðislánasafn bankans og auka fjölbreytni fjármögnunar í því skyni að fjármögnun sé háttáð með sem skilvirkustum hætti.
- Íslandsbanki er vel fjármagnaður og þurfti því ekki að gefa út almenn né víkjandi skuldabréf á fjórðungnum. Áætluð fjármögnunarpörf bankans á árinu 2020 í erlendum gjaldmiðlum er hverfandi þar sem engir stórir gjalddagar skulda í erlendri mynt eru á árinu 2020 eða 2021.
- Sterk lausafjárhlutföll í erlendri mynt hafa gefið svigrúm til endurkaupa á skuldabréfum í erlendri mynt. Í desember keypti Íslandsbanki til baka eigin skuldabréf, annars vegar um 143m evra af 500m evru skuldabréfi, þar sem þá höfðu 444m evrur verið keyptar til baka, með gjalddaga í september 2020 í skilyrtu endurkaupatilboði og hins vegar skuldabréf að fjárhæð 250m sænskra króna með gjalddaga í febrúar 2020. Jafnframt keypti bankinn að fullu til baka skuldabréf að fjárhæð 350m sænskra króna með gjalddaga í júlí 2020. Bankinn hefur því minnkað endurgreiðsluáhættu sína umtalsvert, lækkað vaxtakostnað sinn og boðið fjárfestum sínum lausafé á tímum mikilla hreyfinga á markaði.
- Í lok mars var lausafjárhlutfall (LCR) 177% fyrir samstæðuna í öllum gjaldmiðlum (169% fyrir móðurfélagið) og jókst úr 155% frá árslokum 2019. Hlutfallið sýnir getu bankans til að mæta skammtímasveiflum á lánamörkuðum. Lausafjárhlutfall í erlendum gjaldmiðlum eingöngu var 324% og 103% í íslenskum krónum samanborið við 325% og 110% í árslok 2019. Lækkun Seðlabankans á bindiskyldu skilaði auknu lausafé. Engir óvæntir ádrættir urðu á yfirdrætti né óáðregnar lánalínur á tímabilinu.
- Hlutfall stöðugrar fjármögnunar (NSFR) var 120% fyrir samstæðuna í öllum gjaldmiðlum samanborið við 119% í árslok og 151% í erlendum gjaldmiðlum samanborið við 156% í árslok. Dótturfélagið Borgun sem nú er flokkað sem aflögð starfsemi er enn hluti af LCR og NSFR tölum.
- Í ljósi sterkra lausafjárstöðu bankans í innlendri og erlendri mynt er mögulegt að bankinn íhugi endurkaup og/eða endurfjármögnun útistandandi skulda á árinu 2020.




Eigið fé

- Heildar eigið fé bankans nam 179,5 ma. kr. í lok mars 2020 samanborið við 180,0 ma. kr. í lok árs 2019, þar af er hlutdeild minnihluta 2,2 ma. kr.
- Eiginfjárlutfall bankans var 21,9% í lok mars 2020 samanborið við 22,4% í lok árs 2019 sem er töluvert hærra en langtímamarkmið bankans. Eiginfjárlutfall þáttar 1 (Tier 1) var 19,2% í lok mars samanborið við 19,9% í árslok 2019. Þar sem skuldabréf bankans sem teljast til eiginfjárbáttar 2 eru í erlendri mynt olli veiking íslensku krónunnar hækkun skuldabréfsins í íslenskum krónum talið. Þetta olli hækkun eiginfjárgrunns bankans.
- Í mars 2020 lækkaði Seðlabanki Íslands sveiflujöfnunaraukann úr 2,0% í 0,0% vegna versnandi fjármálaskilyrða tengdum útbreiðslu COVID-19. Þetta hefur þau áhrif að heildar eiginfjárkrafa bankans lækkaði úr 19,0% í 17,0%.
- Eiginfjármarkmið Íslandsbanka, sem gerir ráð fyrir 0,5–2,0% stjórnendaauka ofan á heildarkröfuna, lækkaði því samhliða afléttingu sveiflujöfnunaraukans í 17,5–19%.


Heildareignir
(ma.kr.)



Vogunarlutfall



Eiginfjárlutfall



- Íslandsbanki notar staðalaðferð til að meta áhættuvegna eignir sem námu 911,4 ma. kr. í lok mars 2020 samanborið við 884,6 ma. kr. í lok árs 2019 sem er 1,1% hækkun. Áhættuvegna eignir nema 72,6% af heildareignum. Afsláttur vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja var innleiddur á Íslandi þann 1. janúar 2020 og hafði þá þýðingu að áhættuvegna eignir höfðu dregist saman um 13 ma. kr í lok mars 2020. Áhættuvegna eignir hækkuðu þó í heildina vegna hækkunar á lánasafni.
- Vogunarlutfallið í lok mars var 13,5% samanborið við 14,2% í lok árs 2019 og telst það hóflegt í alþjóðlegum samanburði.
- Þrátt fyrir langtímastefnu Íslandsbanka hf. um 40–50% arðgreiðsluhlutfall var samþykkt á ársfundi bankans að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna ársins 2019 í ljósi óvissu af völdum fordæmalausra aðstæðna á fjármálamörkuðum. Jafnframt var samþykkt að stjórn bankans mætti kalla til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu 2020 þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára kynni að vera lögð fram.

Jöfnuðir

- Bankinn ber áhættu vegna verðbólgu þar sem virði verðtryggðra eigna er meira en virði verðtryggðra skulda. Við lok fjórðungsins var munurinn á samstæðugrunni 32,1 ma. kr. (17,9% af eigin fé), samanborið við 9,3 ma. kr. við árslok 2019 (5,1% af eigin fé). Jöfnuðinum er meðal annars stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra skuldabréfa og verðtryggðum innlánsreikningum.
- Gjaldeyrisjöfnuður var -3,1 ma. kr. (1,7% af eigin fé) í lok mars 2020, samanborið við -93 m. kr. (0,05% af eigin fé) í árslok 2019. Jöfnuðir bankans eru undir reglulegu eftirliti og eru þeir innan viðmiða laga.



Lánshæfismat

- Íslandsbanki er með lánshæfismat frá alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækinu S&P Global Ratings. Í lok apríl breytti S&P lánshæfismati Íslandsbanka í BBB/A-2 með stöðugum horfum, en matið var áður BBB+/A-2 með neikvæðum horfum.
- Ástæður breytingar S&P má rekja til álits þeirra að efnahagsumsvif á Íslandi og í Evrópu fari minnkandi á árinu 2020 sem gæti leitt til virðisrýrnunar á eignum Íslandsbanka, aukinna útlánatapa, minnkandi rekstrartekna og mögulegrar lækkunar eigin fjár. S&P telur jafnframt að rekstrarumhverfi fyrir íslenskar fjármálastofnanir sé krefjandi sem einkennist af kólnandi hagkerfi, lækkandi vaxtaumhverfi og ójafnrar samkeppnisstöðu við íslenska lífeyrissjóði en allt þetta hafi leitt til lækkandi arðsemi hjá íslenskum bönkum.
- Í rökstuðningi sínum býst S&P við því að Íslandsbanki sé í mun sterkari stöðu til að mæta efnahagsáfalli nú en árið 2008. Lánshæfismatið 'BBB' með stöðugum horfum taki mið af stöðugri markaðshlutdeild Íslandsbanka á innlendum markaði og góðum árangri á sviði stafrænnar þróunar og upplýsingatækni. Álit S&P sé að bankinn standi framar en margir erlendir bankar þegar kemur að undirbúningi fyrir samkeppni við fjártæknifyrirtæki. Bankinn sé enn fremur með sterka lausa- og eiginfjárstöðu, endurfjármögnunarpörf bankans sé takmörkuð á árinu 2020 og þar að auki hafi Seðlabankinn sett á stofn sérstaka tímabundna lánaþyrngreiðslu sem tryggir aðgengi að lausafé.

FJÁRFESTATENGL

Símafundur með fjárfestum á ensku kl. 9.30
fimmtudaginn 7. maí

Símafundur með markaðsaðilum vegna uppgjörs verður haldinn 7. maí kl. 9:30. Farið verður yfir helstu atriði í íslenskum efnahagsmálum, afkomu bankans og spurningum svarað. Fundurinn verður á ensku.

Vinsamlegast skráið ykkur á fundinn með því að senda póst á: ir@islandsbanki.is. Fundargögn og aðgangsorð vegna símafundar verða send út til skráðra aðila fyrir fundinn.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er á að birta árshlutauppgjör á neðangreindum dagsetningum:

Árshlutauppgjör 2F20 – 29. júlí 2020

Árshlutauppgjör 3F20 – 28. október 2020

Athugið að dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar

Frekari upplýsingar

Öll gögn tengd uppgjöri ásamt upplýsingum um fjárhagsdagatal og þögul tímabil má finna hér:

<https://www.islandsbanki.is/is/flokkur/bankinn/fjarfestatengl>